

## Skilablað – Menntaskólinn í Reykjavík – 5. áfangi

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar-eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna samnings um Aðalteikningar vegna 5. áfanga „Skólaþorps“ Menntaskólangs í Reykjavík.

### 1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst frá Þráni Sigurðssyni, sérfræðingi í mennta- og menningarmálaráðuneyti, þann 7. janúar 2015 um að FSR léti útbúa og hefði umsjón með samningi við Teiknistofuna Óðinstorgi um Aðalteikningar af 5. áfanga Skólaþorps MR.

Verkefnistjóri hjá FSR var Gíslína Guðmundsdóttir.

### 2 Verklýsing

Fyrir allmögum árum var haldin arkitektasamkeppni um framtíðaráform húsnæðis Menntaskólangs í Reykjavík. Teiknistofan Óðinstorgi vann þá samkeppni með svokölluðu „Skólaþorpi“. Stofan vann áfram við verkefnið og lauk þeirri vinnu með Aðalteikningum 5. áfanga árið 2015. Lítið af framkominni hugmynd hefur orðið að veruleika, væntanlega vegna skorts á fjármagni.

Verkefni FSR var að hafa umsjón með samningi (H-15002) sem gerður var milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Teiknistofunnar Óðinstorgi í maí 2015 um gerð Aðalteikninga vegna 5. áfanga verkefnisins „Skólaþorp MR“. Samningsupphæðin var 18.925.800 kr., en bókhalds- og greiðsluþjónusta var hjá verkkaupa.

### 3 Verknúmer

Verkbeiðni er dagsett 7. janúar 2015 og verkefnið fékk númerið 633 0092.

### 4 Framvinda

Hönnuðir luku Aðalteikningum vegna 5. áfanga á árinu 2015 og voru þær afhentar og samþykktar hjá byggingarfulltrúa í Reykjavík í desember 2015.

### 5 Kostnaður verksins

Samningurinn hljóðaði upp á 18.925.800 kr., en greiðslur og bókhald var hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Kostnaður vegna umsjónar hjá FSR nam 143 þúsund kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Framkvæmdir í samræmi við vinningstillögu Teiknistofunnar Óðinstorgi, Skólaþorp MR, í samkeppni um framtíðaráform vegna húsnæðis Menntaskólangs í Reykjavík, eru í biðstöðu, en hönnuðir hafa uppfyllt ákvæði samningsins sem hér er til umfjöllunar.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

### 8 Verklok

Verklok voru í desember 2015.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðar staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

  
Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

  
Gíslína Guðmundsdóttir, verkefnastjóri